

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í Geiradal í júlímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

4. september 1973.

Nr. 272.

AUGLÝSING

um afnám Z.

- I. Eftirfarandi reglur skulu gilda um stafsetningarkennslu í skólum, um kennslubækur útgefnar eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn, sem út eru gefin.
- II. Ekki skal rita z fyrir upprunalegt tannhljóð (d, ð, t) + s, þar sem tannhljóðið er fallið brott í eðlilegum framburði.
 - Til leiðbeiningar skal bent á eftirfarandi atriði:
 - a) Í stofnum fallorða skal tannhljóð haldast á undan s, hvort sem svo er framborið eður ei, t. d. **lofts** (af loft), **lats** (af latur), **lands** (af land), **skorts** (af skortur) o. s. frv.
 - b) Í orðstofnum skal tannhljóð haldast á undan s, ef svo er fram borið, t. d. **reiðstu** (af reiðast), **gleðstu** (af gleðjast); (hefur) **mæðst** (af mæða(st)), **græðst** (af græða(st)), **dáðst** (af dá(st)); **greiðsla**, **breiðsla** o. s. frv.
 - c) Ef stofn lýsingarháttar þátíðar sagnar eða lýsingarorðs endar á -tt samkvæmt uppruna, skal þeim stöfum sleppt, ef endingin -st fer á eftir, t. d. (hefur) **sest** (af setja(st)), (hefur) **flust** (af flytja(st)), (hefur) **breyst** (af breyta(st)), (hefur) **hist** (af hitta(st)); **stystur** (af stuttur) o. s. frv.

d) Ef lýsingarháttur þátiðar í germynd endar á -st eða -sst, skal miðmyndar-
endingu sleppt, t. d. (hefur) leyst (af leysast), (hefur) breyst (af breytast),
(hafa) kysst (af kyssast) o. s. frv.

III. Reglur þessar öðlast þegar gildi, og jafnframt eru numdar úr gildi reglur um z
í III. lið „Auglýsingar um íslenska stafsetningu”, sem út var gefin af dóms- og
kirkjumálaráðuneytinu 25. febr. 1929, sbr. Lögbirtingablað 22. ár, nr. 9 (28.
febrúar 1929).

Menntamálaráðuneytið, 4. september 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um afnám reglna um ferðir til Vestmannaeyja og dvöl þar.

Frá og með 8. september 1973 falla úr gildi reglur nr. 22 20. febrúar 1973 um
ferðir til Vestmannaeyja og dvöl þar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. september 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.